

## Fyrirspurn

**til fjármála- og efnahagsráðherra um brotthvarf háskólamenntaðra sérfræðinga af almennum vinnumarkaði.**

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Hver var fjöldi og hlutfall háskólamenntaðra sérfræðinga sem hurfu af almennum vinnumarkaði á opinberan vinnumarkað árin 2010–2021?
2. Hyggst ráðherra sporna við brotthvarfi háskólamenntaðra sérfræðinga af almennum vinnumarkaði á opinberan vinnumarkað? Ef svo er, hvernig?
3. Hyggst ráðherra útvista verkefnum háskólamenntaðra sérfræðinga hins opinbera í auknum mæli og kaupa oftar þjónustu einkaaðila fremur en fjölga háskólamenntuðum ríkisstarfsmönnum? Ef svo er, hvernig?